

Alþingi
Erindi nr. P 135/2101

komudagur 10. 4. 2008

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 9. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis **frumvarp til skipulagslaga**, 374. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:


Stjórn Eyþings leggst gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd. Stjórnin lýsir yfir andstöðu við ákvæði um landsskipulagsáætlun (10. og 11. grein) sem felur í sér skerðingu á sjálfsákvörðunarvaldi sveitarfélaga. Meðal annars kemur fram í frumvarpinu að sveitarfélög skuli endurskoða staðfest skipulag sitt í samræmi við landsskipulagsáætlun. Í 7. mgr. 12. greinar frumvarpsins kemur fram að sveitarstjórnir eru bundnar af gildandi landsskipulagsáætlun. Skipulagsvaldið er einn af grunnþáttum í sjálfsstjórnarrétti sveitarfélaga og gerð skipulagsáætlana er um leið eitt mikilvægasta verkefni þeirra og verkfæri.

Stjórnin getur þó fallist á að ríkið setji fram landsskipulagsstefnu sem samþætti hinar ýmsu stefnur og áætlanir ríkisins, s.s. samgönguáætlun og byggðaáætlun, og þætti sem varða almannahagsmuni. Landsskipulagsstefna verði þannig til leiðbeiningar fyrir sveitarfélögin. Jafnframt er þá nauðsynlegt að nánar verði skilgreint til hvaða þátta landsskipulagsstefnan taki og til hverra ekki.

Í frumvarpinu felst að samvinnunefnd miðhálandisins verður lögð niður. Hafi landsskipulagsáætlun verið ætlað að grípa inn í skipulagsmál hálandisins er ástæða til að áréttta það að samkvæmt lögum skiptist landið allt í sveitarfélög og lýtur skipulagsvaldi þeirra.

Stjórnin lýsir yfir ánægju með ákvæði um svæðisskipulag (VI. kafli) sem er verulega breytt frá gildandi lögum. Sé svæðisskipulag gert verður að telja eðlilegt að það sé rétt hærra aðalskipulagi.

Stjórn Eyþings vísar að öðru leyti, s.s. varðandi athugasemdir við einstakar greinar, til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri